

# VÖRUR UNNAR ÚR EÐALMÁLUM



NEYTENDASTOFA

## Inngangur

Um merkingar og eftirlit með vörum sem unnar eru úr eðalmálmum í atvinnuskyni og til innflutnings, kaupa og sölu á þeim gilda lög nr. 77/2002, um vörur unnar úr eðalmálmum.

Markmið laganna er að vernda neytendur með því að setja reglur um að vörur úr eðalmálmum sem seldar eru til þeirra úr gulli, silfri, palladíum og platínu hafi þann hreinleika sem seljendur lofa við sölu á vörunni.

Vörur sem unnar eru úr eðalmálmum á Íslandi og bera ábyrgðarstimpla í samræmi við þau hafa markaðsaðgang í þeim löndum þar sem sambærilegar kröfur eru gerðar varðandi sölu og markaðssetningu eðalmálma.

## Kröfur til vöru sem boðin er til sölu

Vörur úr eðalmálmi, t.d. skartgripir, borðbúnaður og hnífapör, sem boðnar eru til sölu á Íslandi skulu uppfylla auk ákvæða laga um vörur unnar úr eðalmálmum nr. 77/2002 ákvæði reglugerðar um vörur unnar úr eðalmálmum nr. 938/2002. Þetta hefur í för með sér að einungis má selja eða afhenda vörur úr eðalmálmum sem uppfylla kröfur sem þar eru settar fram.



Hér á landi skal vara úr eðalmálmi sem sett er á markað og boðin til sölu hafa eftirtalda eiginleika:

- ◆ Vara úr gulli skal innihalda 375 þúsundhluta eða meira af hreinu gulli.
- ◆ Vara úr silfri skal innihalda 800 þúsundhluta eða meira af hreinu silfri.
- ◆ Vara úr platínu skal innihalda 850 þúsundhluta eða meira af hreinni platínu.
- ◆ Vara úr palladíum skal innihalda 500 þúsundhluta eða meiri af hreinu palladíum.

Sem dæmi inniheldur vara úr gulli sem merkt er “375” 37,5 % hreint gull miðað við þunga málmblöndunnar. Vöru sem er með lægra hlutfallslegu magni en sem ofan greinir má ekki markaðssetja og selja sem vöru úr eðalmálmi.

Vörur sem eru gerðar úr öðrum málmum eins og látúni og kopar og síðan húðaðar með eðalmálmi (t.d. gullhúðuð hálsmen og armbönd) eru ekki taldar vera úr eðalmálmi.

## Skyldumerkingar vöru úr eðalmálmi

Vörur úr eðalmálmum sem ætlaðar eru til sölu á Íslandi skulu bera hreinleika- og nafnastimpla. Framleiðandi vöru sem unnin er úr eðalmálmum ber ábyrgð á að varan sé stimpluð í samræmi við kröfur þessar. Ef um innflutta vöru er að ræða hvílir ábyrgðin á innflytjanda hennar.

Ef ekki er unnt að stimpla vöru án þess að skaða hana má staðfesta hreinleika hennar með vottorði sem Neytendastofa eða aðili á hennar vegum gefur út.

**Nafnastimpill** auðkennir framleiðanda, seljanda eða innflytjanda vöru þannig að hægt sé að rekja uppruna hennar. Nafnastimpill er gerður úr einum eða fleiri bókstöfum og skulu þeir mynda nafn rétthafa nafnastimpils eða firmaheiti eða styttingu / skammstöfun þess. Einnig má nota tákn sem viðurkennd hafa verið af Einkaleyfastofu.

**Hreinleikastimpill** er þriggja tölustafa stimpill sem sýnir hversu mikið magn af hreinu gulli, silfri, platínu eða palladíum er í viðkomandi vöru. Hreinleikastimplar skulu vera skýrir og læsilegir og hafa eftirfarandi gildi:

<b>Eðalmálmur</b>	<b>Staðlaður hreinleiki</b>
Gull	375, 585, 750, 916.
Silfur	800, 830, 925 eða 800S, 830S, 925S.
Platína	850, 900, 950 eða 850Pt, 900Pt, 950Pt.
Palladium	500, 950 eða 500Pd, 950Pd.

## Vörur sem undanþegnar eru merkingum

Eftirtaldar vörur eru undanþegnar merkingum:

- ◆ Vörur sem eingöngu eru sýnishorn eða eingöngu eru ætlaðar til notkunar á vörusýningu.
- ◆ Vörur úr gulli, platínu eða palladíum sem vege minna en 1 gramm.
- ◆ Vörur úr silfri sem vege minna en 3 grömm eða vörur sem eru svo smáar að ekki er mögulegt að stimpla þær.
- ◆ Vörur sem nota á til tannlækninga eða í öðru lækningaskyni.
- ◆ Hljóðfæri.
- ◆ Mynt sem er í fullu gildi.
- ◆ Vörur sem óumdeilanlega geta talist fornmunir.
- ◆ Úr og pennar.

## Íslenskir stimplar

Aðilar sem framleiða eða selja vörur úr eðalmálmum sem merkja skal með stimplum skulu sækja um viðurkenningu og skráningu á nafnastimpli til Neytendastofu á sérstöku eyðublaði sem þar fæst. Einungis má skrá nafnastimpil sem uppfyllir kröfur um merkingar og líkist ekki svo öðrum nafnastimpli sem er á skrá Neytendastofu að ruglingi geti valdið að mati stofnunarinnar. Neytendastofa heldur skrá yfir viðurkennda nafnastimpla. Réttihafi nafnastimpils skal tilkynna Neytendastofu skriflega um breytingar sem kunna að verða á starfsemi hans t.d. ef hann breytir um nafn á fyrirtæki sínu eða ef hann flytur starfsemi sína eða hættir henni.

Vörur sem fluttar eru inn frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins skulu bera íslenska stimpla.

## Erlendir stimplar

Hreinleikastimplar, nafnastimplar og opinberir eftirlitsstimplar sem notaðir eru í ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins eru jafngildir innlendum stimplum, enda sé opinbert eftirlit í þessum löndum með hreinleika eðalmálma sambærilegt eftirliti hér á landi.

Þegar um nafnastimpla er að ræða skal vera unnt að rekja hver framleiðandi vörunnar er og hann skal geta sýnt fram á rétt sinn til að nota stimpilinn.

## Eftirlit og gjaldtaka

Neytendastofa annast framkvæmd eftirlits með vörum unnum úr eðalmálmum.

Eftirlit stofnunarinnar felst m.a í:

- ◆ Viðurkenningu og skráningu nafnastimpla.
- ◆ Markaðseftirliti með vörum unnum úr eðalmálmum.
- ◆ Upplýsinga- og fræðslustarfsemi.

Lögbundið gjald vegna viðurkenningar og skráningu á nafnastimpli er kr. 10.000.

Einstaklingar eða lögaðilar sem flytja inn, framleiða og / eða selja vörur unnar úr eðalmálmum skulu árlega greiða Neytendastofu kr. 12.000 kr. vegna eftirlits stofnunarinnar í samræmi við ákvæði 12. gr. laga nr. 77/2002, um vörur unnar úr eðalmálmum.

## Ábendingar um ólögmetar vörur

Hægt er að senda inn ábendingar í Neytendastofu leiki grunur á að markaðssettar og seldar séu vörur sem ekki uppfylla kröfur samkvæmt lögum nr. 77/2002, um vörur unnar úr eðalmálmum.

Bent er á að ábendingum má koma á framfæri á auðveldan hátt á Rafrænni Neytendastofu [www.neytendastofa.is](http://www.neytendastofa.is)

Nánari upplýsingar má fá hjá Neytendastofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík og á vefsíðu stofnunarinnar: [www.neytendastofa.is](http://www.neytendastofa.is)

